

Stjórnugrís hf  
Vallá  
116 Kjalarnes

Reykjavík, 21. október 2019  
UST201909-150/F.T.  
08.12.02

### Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 13. september sl. þar sem áformað var að áminna rekstraraðila vegna frávika sem skráð voru í eftirliti dags. 28. maí 2019. Þann 20. september sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

#### Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Gámur fyrir dýrahæ er opinn, auk þess er hann óþéttur þannig að vökvi kemst út um göt. **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila hafa gámar fyrir dýrahæ verið lagfærðir ásamt því að pantaðir hafa verið nýir gámar sem munu leysa þá gömlu af hendi. Áætlaður afhendingartími er um miðjan janúar. Umhverfisstofnun fellst á framangreint og veitir rekstraraðila frest til 1. febrúar til úrbóta.**
2. Gr. 2.9 í starfsleyfi. Dreifing á mykju fór fram utan dreifingartíma þann 24. júní sl. **Skv. rekstraraðila leiddi misskilningur starfsmanns vegna umsóknar um undanþágu til dreifingar til þess að dreifing átti sér stað úr hluta úr degi utan dreifingartímabils. Frávikinu telst lokið.**

**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.**

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.


Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. Gjaldið er **26.400 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.



Skúli Þórðarson  
sviðsstjóri

Virðingarfyllst



Frigg Thorlacius  
Frigg Thorlacius  
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vesturlands